



Menningar-, íþróttá- og tómslundaráð

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK


Félag tónlistarþróunarmiðstöðvar - TPM

Hjálögð eru samningsdrög vegna TPM til þriggja ára.

TPM hefur verið opin frá árinu 2003 sem miðstöð þekkingar, fræðslu og sköpunar í tónlist. TPM hefur aðstöðu í Hólmaslóð 2, 1100 fermetra rými. Á fundi borgarráðs 4. nóvember 2021 var samþykktur leigusamningur á húsnæði fyrir TPM að Hólmaslóð 2. Samningurinn er til ársins 2024. TPM sinnir þjónustu við unga og óreynda tónlistarmenn og lengra komna. Umsjón og fræðslu á sviði tónlistarflutnings. Tæknileg aðstöð við æfingar og tónleikahald. Ráðgjöf við upptökur og útgáfu á tónlist. Viðhald og viðgerðir á hljóðfærum. Tónleikahald og viðburðir og flest það sem hvetur til tónlistarsköpunar.

Í fjárhagsáætlun ársins 2022 er gert ráð fyrir þessari fjárveitingu.

Lagt er til við menningar-, íþróttá- og tómslundaráð að það samþykki samningsdrögin.


Ómar Einarsson.